

Rangárþing ytra
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 26. júlí 2018
UST201806-040/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Hrólfsstaðahellir – Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 4. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis innan jarðarinnar Hrólfsstaðahellis.

Setnáma


Í deiliskipulaginu er setnáma E 28 kynnt til sögunnar en engar aðrar upplýsingar eru um hana. Á hluta gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins er náman sýnd, en hún er ekki sýnd á deiliskipulagsuppdráttum af svæðunum sem skipulagið fjallar um. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tilgreina stærð og nýtingu námunnar, og lýsa staðháttum á svæðinu, þar sem hún kemur fram í greinargerð skipulagstillögunnar.

Fráveita


Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að hún verði í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda og staðsetning hreinsivirkja er sýnd. Umhverfisstofnun bendir á að staðsetning hreinsivirkis H3 er áætluð of nálægt Rangá ytri, en gert er ráð fyrir skv. gr. 5.3.2.14 *Skipulag við ár, sjó og vötn* í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, og þarf því að áætla hreinsivirki H3 fjær Rangá ytri en 50 m. Umhverfisstofnun bendir einnig á að öll fráveita skal vera samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Agnar B Bragason
Teymisstjóri